

UMBOÐSMAÐUR ALÞINGIS

Þórshamri, Templarasundi 5, 101 Reykjavík
Sími: 510 6700 • Netfang: postur@umbodsmadur.is
Heimasíða: www.umbodsmadur.is

Mál nr. F15/2025

Reykjavík, 17. nóvember 2025

Forsætisráðuneytið
Stjórnarráðshúsinu við Lækjartorg
101 Reykjavík

Árið 2024 tók umboðsmaður Alþingis afgreiðslutíma úrskurðarnefndar um upplýsingamál til athugunar að eigin frumkvæði á grundvelli 5. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis, sjá mál F152/2024. Þá hefur sama álitaefti áður verið til athugunar hjá umboðsmanni á frumkvæðisgrundvelli en þeirri athugun lauk 30. apríl 2021, sjá mál F27/2014.

Með bréfi til þáverandi forsætisráðherra 19. september 2024 var komið á framfæri ábendingum í tilefni af þeim langa afgreiðslutíma, sem í ljós hafði komið að einkenndi málsmeðferð úrskurðarnefndarinnar. Í bréfinu sagði að þess væri vænst að forsætisráðherra kæmi að úrbótum á óhóflegum töfum við afgreiðslu mála hjá úrskurðarnefnd um upplýsingamál. Þá kom fram að áfram yrði fylgst með málshraða hjá úrskurðarnefndinni og yrði hann tekinn til skoðunar á nýjan leik ef tilefni væri til.

Nýlega hafa umboðsmanni borist kvartanir og ábendingar er lúta að afgreiðslutíma úrskurðarnefndar um upplýsingamál. Er þar að finna vísbendingar um að enn séu nokkur brögð að því að meðferð nefndarinnar á málum dragist úr hófi. Af því tilefni og með hliðsjón af framangreindu er þess óskað að forsætisráðuneytið veiti umboðsmanni upplýsingar um hvort afgreiðslutími úrskurðarnefndar um upplýsingamál og starfsaðstæður nefndarinnar hafi verið til skoðunar hjá ráðuneytinu. Er þess jafnframt óskað að upplýst verði hvort ráðuneytið hafi gripið til einhverra aðgerða til að hraða meðferð mála hjá nefndinni og, ef svo er, þá hverra. Loks er þess óskað að upplýst verði hvort einhverjar slíkar aðgerðir séu fyrirhugaðar.

Þess er óskað að svör berist umboðsmanni eigi síðar en 15. desember nk.

Virðingarfyllst,
f.h. umboðsmanns Alþingis

Vilhelmina Ósk Ólafsdóttir

Vilhelmina Ósk Ólafsdóttir
Skrifstofustjóri frumkvæðismála og
OPCAT